

Ed. 791. Frumvarp til laga [441. mál]

um breyting á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Pá er ábúanda ríkisjarðar heimilt að veðsetja ábýlisjörð sína til tryggingar lánnum sem hann á kost á í Búnaðarbanka Íslands til bústofnskaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 15. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976 er að finna heimild til handa leiguliðum til að veðsetja ábýlisjarðir sínar til tryggingar þeim lánnum sem þeir eiga kost á í Búnaðarbanka Íslands, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði vegna framkvæmda á ábúðarjörðum sínum, sem samþykktar hafa verið af byggingafulltrúa eða jarðræktarráðunaut og taldar eru við hæfi jarðarinnar að dómi jarðanefndar. Ákvæði þetta nær yfir jarðir í eigu hins opinbera og felur í sér heimild til að veita ábúendum á ríkisjörðum, sem eru fjölmargar, leyfi til að veðsetja jarðirnar innan þeirra marka sem ákvæði þetta setur.

Ákvæði 15. gr. hefur á hinn bóginn ekki verið talið veita örugga heimild til að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábýlisjarðir sínar til tryggingar lánnum, sem tekin eru vegna bústofnskaupa. Hafa ábúendur ríkisjarða orðið að leggja fram hreppsábyrgð til að geta notið slíkra lána. Samkvæmt núgildandi sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, hafa sveitarstjórnir ekki lengur heimild til að veita slíka ábyrgð og þykir því nauðsyn bera til að auka við ákvæði 15. gr. ábúðarlaga eins og hér er lagt til, m.a. til að ábúendur ríkisjarða séu ekki lakar settir að þessu leyti en aðrir leiguliðar.